

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Stykkishólms.

148

5. nóv.

I. RAFORKA

Rafveita Stykkishólms selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

Þar, sem orkan er notuð aðallega til lýsingar, skal hún seld:

1. Um kwst.mæli á kr. 1.80 hver kwst. Við þessu verði skal selja hversu konar raforkunotkun, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.
2. Um kwst.mæli á 70 aura hver kwst., auk fastagjalds, er nemi 70 aurum á mánuði fyrir hvern fermetra gólfflatar í rúmi því, sem lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal deila fermetragjaldinu með 2.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á 50 aura hver kwst. auk fastagjalds, er nemi 50 aurum á mánuði fyrir hvern fermetra gólfflatar herbergja í íbúð. Til herbergja í íbúð skal telja eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur.

C. Vélar.

Þar, sem orkan er notuð til vélareksturs, skal hún seld um kwst.mæli á 80 aura hver kwst. Sé notkunartími vélanna mjög stuttur, má krefjast minnsta árgjalds, kr. 200.00 á hvert uppsett kw. vélanna.

D. Bökunarofnar.

Orka, sem notuð er til bökunarofna í brauðgerðarhúsi, skal seld um kwst.mæli á 30 aura hver kwst.

E. Orkusala til fyrirtækja, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu.

Til fyrirtækja, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, getur rafveitustjórn selt orku með sérstökum samningi, með því skilyrði að stöðva megi þá orkusölu, hvenær sem nauðsynlegt er, að dómi rafveitustjóra.

F. Götu- og hafnarlýsing.

Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður hreppsnefnd eftir tillögum rafveitunefndar.

II. MÆLALÉIGA

Rafveitustjórn ákveður stærð og gerð mælitækja, sem notuð skal fyrir hverri veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum, sem hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 amp.	kr. 2.00 á mán.
2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni	— 3.00 — —
3. — — mælum 50 til 200 amp.	— 7.00 — —
4. — — mælum yfir 200 amp.	— 10.00 — —

- 148 Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem 5. nóv. næst 20% af verði mælitækisins. Leiguna skal innheimta um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem miðast við brunabótamat húsa og mannvirkja samkvæmt eftirfarandi skrá:

Brunabótamat	Heimtaugargjald	
	jarðlína	loftlína
Frá 0—25 þús. kr.	kr. 750.00	kr. 500.00
— 25—30 — —	— 880.00	— 590.00
— 30—40 — —	— 1010.00	— 680.00
— 40—50 — —	— 1140.00	— 770.00
— 50—60 — —	— 1270.00	— 860.00
— 60—70 — —	— 1400.00	— 950.00
— 70—80 — —	— 1530.00	— 1040.00
— 80—90 — —	— 1660.00	— 1130.00
— 90 þús. kr. og þar yfir	— 1800.00	— 1220.00

Heimtaugargjöld fyrir peningshús, hlöður, þurrkbúðir, verbúðir og önnur útihús greiðist eftir reikningi.

Í útreikningi á heimtaugargjaldi skal sleppa hálfu þúsundi eða minna af brunabótamati, en ella hækka upp í heilt þúsund.

Ef brunabótamat á húsi er gamalt, getur rafveitustjóri samræmt það nýju mati, og miðað heimtaugargjaldið við það. Láti húseigandi meta húsið á ný, skal þó heimtaugargjaldið miðast við það mat.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga, þegar uppsetningu heimtaugar er lokið, eða þegar brunabótamat hefur verið framkvæmt. Heimilt er að veita gjaldfrest á helmingi heimtaugargjaldsins í allt að 6 mánuði.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 25 metrar og loftlínuheimtaugar meiri en 60 metrar og/eða gildleiki víra meiri en 3×70 mm², skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, 10 kr.
2. Ef fundin eru óleyfileg vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki opnuð, fyrr en notandinn hefur greitt 10 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir rafveitu Stykkishólms, nr. 66 10. ágúst 1928.

Atvinnumálaráðuneytið, 5. nóvember 1948.

Bjarni Ásgeirsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.